

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 137,39 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 112 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 4,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 1 234,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnaði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnaði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnaðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $3/4''$ kr. 570,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá $1''-2''$ kr. 804,00

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 11 580,00

400 til 2 000 m³, kr. 11 580,00 af 400 m³ + kr. 9,75 á m³ þar yfir að 2 000 m³.

2 000 m³ kr. 27 180,00 + kr. 8,00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 1 990,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 120,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísan til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 114 24. febr. 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gudrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 136,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 54,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 31,70 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 90,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.